

**2019 nr. 35 15. maí****Lög um ófrjósemisaðgerðir**

Tóku gildi 24. maí 2019. Breytt með: L. 153/2020 (tóku gildi 6. jan. 2021).

**■ 1. gr. Markmið og gildissvið.**

□ Markmið laga þessara er að tryggja einstaklingum sjálfsforræði til að taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerð. Gæta skal mannréttinda og mannhelgi í hvívetna við framkvæmd laganna.

□ Ákvæði laga þessara taka ekki til tilvika þar sem um nauðsynlega lækni meðferð er að ræða enda þótt ófrjósemi hljótist af.

**■ 2. gr. Ófrjósemisaðgerð.**

□ Ófrjósemisaðgerð samkvæmt lögum þessum er þegar sáðgöngum ...<sup>1)</sup> eða eggjaleiðurum ...<sup>1)</sup> er lokað til að binda enda á frjósemi.

<sup>1)</sup> L. 153/2020, 18. gr.

**■ 3. gr. Heimild til ófrjósemisaðgerðar.**

□ Ófrjósemisaðgerð er heimil að ósk einstaklings sem náð hefur 18 ára aldri.

□ Einungis er heimilt að framkvæma ófrjósemisaðgerð á einstaklingum sem eru ólöggráða fyrir æsku sakir þegar ætla má að frjósemi viðkomandi hafi alvarleg áhrif á líf eða heilsu einstaklingsins og skal liggja fyrir staðfesting tveggja lækna um slíkt, auk samþykkis sérstaklega skipaðs lögráðamanns, sbr. 53. gr. lögræðisлага.

**■ 4. gr. Fræðsla.**

□ Áður en ófrjósemisaðgerð er framkvæmd skal fræða við-

komandi um í hverju aðgerðin er fólgin, áhættu samfara henni sem og afleiðingar.

**■ 5. gr. Framkvæmd ófrjósemisaðgerðar.**

□ Einungis lækna með sérfræðiviðurkenningu í almennum skurðlækningum, kvensjúkdómalækningum eða þvagfæra-skurðlækningum mega framkvæma ófrjósemisaðgerð í samræmi við ákvæði laga þessara, laga um heilbrigðisþjónustu, laga um réttindi sjúklinga, laga um sjúkraskrár og annarra laga eftir því sem við á.

□ Ófrjósemisaðgerð skal framkvæmd á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu lækni, sbr. 1. mgr., sem landlæknir hefur eftirlit með, sbr. lög um landlækni og lýðheilsu.

**■ 6. gr. Synjun um ófrjósemisaðgerð.**

□ Heimilt er að bera synjun um framkvæmd ófrjósemisaðgerðar undir landlækni og er ákvörðun landlækni endanleg á stjórnslustigi.

**■ 7. gr. Gjaldtaka.**

□ Ófrjósemisaðgerðir skulu vera gjaldfrjálsar fyrir einstaklinga sem eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar.

**■ 8. gr. Viðurlög.**

□ Um brot gegn ákvæðum laga þessara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og lögum um heilbrigðisstarfsmenn, eftir því sem við á.

**■ 9. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

**■ 10. gr. Breyting á öðrum lögum. . . .**